



Policy Holder 37  
Address line 1  
Address line 2  
Address line 3  
Address line 4  
Address line 5  
ICELAND



október 2018

## Breytingar á fyrirtækinu

Kæri viðskiptavinur

Tryggingaveitandi þinn er núna Aviva Life & Pensions UK Limited, sem er fyrirtæki í Bretlandi, og með þessu bréfi látum við þig vita af fyrirhuguðum breytingum á fyrirtækinu. Þar sem Bretland er að semja um útgöngu sína úr Evrópusambandinu gæti það gerst að fyrirtæki þar í landi, þar á meðal Aviva, glati rétti sínum til þess að stunda viðskipti í öðrum Evrópulöndum með sama hætti og þau gera núna. Þetta þýðir að ekki er öruggt að við getum veitt þér tryggingar áfram með sama hætti. Við viljum tryggja öryggi þeirra viðskiptavina sem þetta getur haft áhrif á og erum nú að undirbúa okkur fyrir væntanlegar lagabreytingar sem munu eiga við um Aviva.

Við stefnum á að flytja fjölda tryggingaskírteina frá Aviva Life & Pensions UK Limited til Friends First Life Assurance Company dac, fyrirtækis sem Aviva keypti nýlega og er skráð á Írlandi. Aviva-tryggingin þín er þar á meðal. Ef dómstóll í London (sjá spurningu 11 í hlutanum „**Spurningar og svör**“) samþykkir flutninginn verður tryggingin þín flutt þann 29. mars 2019. Nafn Friends First Life Assurance Company dac breytist í Aviva Life & Pensions Ireland dac þann 29. mars 2019, eða um það leyti, og skráð skrifstofa fyrirtækisins flyst til One Park Place, Hatch Street, Dublin 2.

Lestu allar upplýsingarnar sem við sendum þér til þess að þú skiljir það sem við erum að gera og þýðingu þess fyrir þig og tryggingar þínar.

## Virkni trygginga þinna mun ekki breytast

Fyrir utan það að tryggingaveitandi verður Friends First Life Assurance Company dac (sem mun síðar fá heitið Aviva Life & Pensions Ireland dac) verða engar breytingar gerðar á því hvernig tryggingin virkar vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu og óháður sérfræðingur telur að yfirfærslan muni ekki hafa efnislega neikvæð áhrif á öryggi bótagreiðslna eða væntar bætur tryggingataka. Yfirfærslan mun einnig ekki breyta því hvernig tryggingin er meðhöndluð og þú getur enn notað sama símanúmer og heimilisfang og áður til að hafa samband við okkur.

## Verklag sem er hannað til að vernda hagsmuni þína

Til þess að gæta þess að þú sért varin(n) verðum við að fylgja ákveðnu ferli áður en yfirfærslan getur tekið gildi. Þetta felur í sér:

## Ert með einhverjar spurningar?

Þú getur hringt í okkur varðandi þetta bréf í

**+44 (0) 1722 326 785**

## Afgreiðslutími:

Mánudagur til Föstudagur 09.00 - 17.00

Við kunnum að taka upp eða fylgjast með símtalinu

## Tilv. okkar:

T99/P7/TEST00000034

## Númer

**tryggingarskírteinis/-skírteina:**

61111270; 61111271

## Aviva

**PO Box 1550**

Salisbury

Wiltshire

SP1 2TW

United Kingdom

<https://transfer.aviva.com/is>

## Það sem þú þarft að vita

- Þú þarft ekki að gera neitt nema þú teljir að breytingin gangi gegn hagsmunum þínum
- Tryggingaveitanda þínum verður breytt
- Virkni trygginga þinna mun ekki breytast
- Gerðar verða örliðlar breytingar á því hvernig við stjórnnum hagnaðarsjóðnum þínum
- Hvernig þú hefur samband við okkur mun ekki breytast
- Frekari upplýsingar má finna á <https://transfer.aviva.com/is>

- að tilkynna þér (sem tryggingataka) um yfirfærsluna;
- að tryggja að þú vitir að þú getir andmælt yfirfærslunni og komið sjónarmiðum þínum á framfæri þegar málið er tekið fyrir ef þú telur að yfirfærslan gangi gegn hagsmunum þínum (sjá spurningu 5);
- að fá ítarlega úttekt frá óháðum sérfræðingi (sjá spurningu 10);
- þar sem haft hefur verið samráð við eftirlitsaðila okkar í Bretlandi og fjármálaeftirlitið á Írlandi; og
- að fá samþykki dómstóls í London.

Óháður sérfræðingur hefur þegar farið yfir fyrirætlanir okkar og skrifað skýrslu með sínu álit. Samantekt á skýrslu óháða sérfræðingsins fylgir þessu bréfi.

### Hagnaðarsjóðurinn þinn

Yfirfærslan mun að hluta til fela í sér að við gerum örlitlar breytingar á heiti hagnaðarsjóðs þíns og því hvernig við stjórnum honum. Þar sem við þurfum að tilkynna þér með þriggja mánaða fyrirvara um slíkar breytingar telst þetta bréf sem sú tilkynning.

Frekari upplýsingar um þessar breytingar er að finna í viðhengdum leiðarvísi og í efnisgreinum 11.1 til 11.8 í heildarskýrslu óháðs sérfræðings sem hægt er að nálgast á vefsvæði okkar <https://transfer.aviva.com/is/skjol>

Óháður sérfræðingur telur að engar breytingar verði á væntum bótum tryggingataka sem fjárfesta í hagnaðarsjóðum.

### Færsla yfir í Aviva-vörumerkið

Við höfum einnig hafið færslu yfir í Aviva-vörumerkið. Þetta þýðir að við munum aðlaga efni okkar og vefsvæði að Aviva-vörumerkinu og öll samskipti munu koma frá Aviva í stað Friends Provident International.

### Það sem þú þarft að gera

Lestu allar upplýsingarnar sem við sendum þér og sem eru aðgengilegar á <https://transfer.aviva.com/is>

Ef þú hefur engin andmæli gegn fyrirætlunum okkar þarftu ekki að gera neitt.

Ef þú vilt fá nánari útskýringar, vilt leggja fram andmæli varðandi þessar fyrirætlanir eða telur að þær gangi gegn hagsmunum þínum getur þú hringt í okkur, skrifað okkur eða skráð andmælin á netinu. Upplýsingar um hvernig það er gert er að finna í spurningu **5 í Spurningar og svör**. Þú átt einnig rétt á því að mæta fyrir dóm til að koma skoðunum þínum á framfæri ef þú telur að þessar fyrirætlanir gangi gegn hagsmunum þínum. Dagsetning og staðsetning þar sem málið verður tekið fyrir koma fram í spurningu 6 í **Spurningar og svör**.

Ef þú ert fjárvörsluaðili eða tryggingataka að sameiginlegri tryggingu (eða ef annar aðili hefur hagsmuni að gæta af tryggingunni þinni), ættir þú að láta alla sem hafa hagsmuna að gæta vegna tryggingarinnar vita af þessum fyrirætlunum og andmælarétti þeirra.

### Ef þú óskar nánari upplýsinga frá okkur

Í hlutanum **Spurningar og svör** eru meiri upplýsingar og þú getur fundið ítarlegri upplýsingar á vefsvæði okkar <https://transfer.aviva.com/is>

Við getum einnig sent þér skjölin af vefsvæðinu í pósti án endurgjalds ef þú óskar þess.

Þú getur einnig hringt í okkur Mánudagur til Föstudagur 09.00 - 17.00 í síma **+44 (0) 1722 326 785**. Venjulegt gjald er tekið fyrir símtöl innan Bretlands og alþjóðlegt gjald fyrir erlend símtöl. Gjöld eru mismunandi eftir símafyrirtækjum. Til að verja báða aðila kunnum við að taka upp og/eða fylgjast með símtölum.

Þú getur einnig sent okkur bréf á Aviva, PO Box 1550, Salisbury, Wiltshire, SP1 2TW, United Kingdom.

Virðingarfyllt,

### Þjónustuver

## Spurningar og svör

### 1. Hvað hyggist þið gera?

Við stefnum á að flytja fjölda tryggingaskírteina úr Aviva Life & Pensions UK Limited til Friends First Life Assurance Company dac þann 29. mars 2019. Yfirfærslan er á milli fyrirtækja innan Aviva-samstæðunnar og við munum breyta heiti Friends First Life Assurance Company dac í Aviva Life and Pensions Ireland þann 29. mars 2019 eða þar um bil. Frekari upplýsingar um fyrirhugaða yfirfærslu má finna í meðfylgjandi leiðarvísi.

### 2. Hvað þýðir fyrirhuguð yfirfærsla fyrir mig?

Utan þess að tryggingaveitandi þinn mun verða Friends First Life Assurance Company dac verða engar aðrar breytingar gerðar á tryggingunum þínum vegna yfirfærslunnar.

Sér í lagi mun yfirfærslan ekki hafa áhrif á:

- fjárfestingarstefnu okkar fyrir sjóðina sem fjármagna trygginguna;
- greiðslur sem þú innir af hendi eða færð samkvæmt skilmálum tryggingarinnar;
- hvernig þú hefur samband við okkur; eða
- þá þjónustu sem þú færð.

Yfirfærslan mun hins vegar gera það að verkum að tryggingin verður ekki lengur varin samkvæmt Financial Services Compensation Scheme (sjá spurningu 12).

### 3. Munu greiðslurnar mínar breytast?

Greiðslur til eða frá Aviva munu ekki breytast vegna fyrirætlana okkar og þú þarft ekki að grípa til neinna aðgerða. Yfirfærslan mun ekki hafa áhrif á fyrirkomulag á beingreiðslum en nafnið sem birtist á bankayfirlitum kann að vera örlítið öðruvísi en það er í dag.

### 4. Hef ég atkvæðarétt varðandi yfirfærsluna?

Yfirfærslan er háð samþykki dómstólsins (sjá spurningu 11). Tryggingatakar, hluthafar Aviva plc eða aðrir hagsmunaaðilar geta ekki kosið um hana.

Hins vegar getur hver sá sem telur að yfirfærslan gangi gegn hagsmunum sínum andmælt henni eða komið sjónarmiðum sínum fram við dóminn.

### 5. Hvernig virkar andmælaferlið?

Hægt er að senda okkur andmæli eða athugasemdir í pósti. Þetta skal senda á Aviva, PO Box 1550, Salisbury, Wiltshire, SP1 2TW, United Kingdom. Greindu skilmerkilega frá andmælunum eða athugasemdunum og gefðu upp heimilisfang svo við getum sent þér skriflegt svar. Þú getur einnig hringt í okkur í símanúmerið sem birt er efst í bréfinu eða skráð andmælin á netinu á <https://transfer.aviva.com/is/motmaeli>

Ef þú sendir inn andmæli munum við svara þér. Andmæli þín og svar okkar mun svo verða hluti af þeim gögnum sem við sendum:

- dómstólnum;
- óháðum sérfræðingi (sjá spurningu 10);
- Financial Conduct Authority; og
- Prudential Regulation Authority.

Þú átt rétt á að mæta þegar málið verður tekið fyrir í London og koma andmælum eða sjónarmiðum þínum á framfæri í eigin persónu eða í gegnum lagalegan fulltrúa.

### 6. Hver er tímalína flutningsins?

Áætlað er að fyrirtaka vegna endanlegs samþykkis dómsins verði þann 13. febrúar 2019 í dómstólnum Business and Property Court í Rolls Building, 7 Rolls Buildings, Fetter Lane, London EC4A 1NL.

Ef samþykki fæst gerum við ráð fyrir því að yfirfærslan eigi sér stað þann 29. mars 2019.

### 7. Af hverju er verið að gera þetta?

Við erum að undirbúa okkur fyrir komandi breytingar á lögum sem eiga við um Aviva vegna yfirvofandi útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Fyrirtæki í Bretlandi, þar á meðal Aviva Life & Pensions UK Limited, gætu glatað rétti sínum til þess að stunda viðskipti í öðrum Evrópulöndum með sama hætti og þau gera núna. Þetta þýðir að hugsanlega getum við ekki veitt þér tryggingar með sama hætti. Friends First Life Assurance Company dac er skráð á Írlandi, sem er í Evrópusambandinu, og mun geta haft umsjón með tryggingum þínum þó svo heiti þess verði breytt í Aviva Life & Pensions Ireland dac þann 29. mars 2019 eða þar um bil.

Við viljum tryggja öryggi þeirra viðskiptavina sem þessar breytingar gætu haft áhrif á.

## 8. Er Friends First að einhverju leyti tengt Friends Provident International?

Nei, þetta eru aðskilin fyrirtæki.

Fyrirtækið Friends First Life Assurance Company dac er skráð á Írlandi. Aviva tilkynnti um fyrirætlanir sínar um kaup á því í nóvember 2017 og viðskiptin gengu í gegn þann 31. maí 2018. Friends First Life Assurance Company dac mun breyta heiti sínu í Aviva Life & Pensions Ireland dac þann 29. mars 2019 eða þar um bil. Þú getur kynnt þér Friends First Life Assurance Company dac nánar á <https://friendsfirst.ie>

## 9. Er tryggingin mín örugg? Missi ég einhver fríðindi?

Óháður sérfræðingur telur að fyrirhuguð yfirfærsla muni ekki hafa efnislega neikvæð áhrif á öryggi bótagreiðslna eða væntar bætur tryggingataka.

## 10. Hver er óháði sérfræðingurinn og hvað gerir hann óháðan?

Tim Roff er félagi í Institute and Faculty of Actuaries (IFoA) og hefur meira en 30 ára reynslu af líftryggingageiranum. Hann er meðeigandi og yfirmaður trygginga- og áhættuþjónustu hjá Grant Thornton UK LLP. Fyrir það gegndi hann stjórnunarstöðum sem yfirmaður alþjóðlegrar tryggingaþjónustu hjá KPMG og Ernst & Young, og yfirmaður fjárhagsskýrslugerðar hjá Tillinghast (núna Willis Towers Watson).

Við skipuðum Hr. Roff eftir að hann var samþykktur af Prudential Regulation Authority í samráði við Financial Conduct Authority. Hlutverk hans er að skýra dómstólnum frá áhrifum fyrirhugaðrar yfirfærslu á tryggingataka. Þó hann þiggi frá okkur greiðslu fyrir hefur hann engum skyldum að gegna gagnvart okkur og sem meðlimur IFoA ber honum fagleg skylda til að vera algjörlega óháður í störfum sínum.

Hr. Roff hefur myndað sér álit með hliðsjón af reynslu sinni og skylda hans er eingöngu gagnvart dómstólnum. Samantekt á skýrslu hans má finna í meðfylgjandi skjali. Skýrsluna í heild sinni og fylgigögn má finna á netinu á <https://transfer.aviva.com/is/skjol> en þú getur einnig hringt í okkur í símanúmerið sem er birt efst í þessu bréfi og við sendum þér gögnin í pósti, án endurgjalds.

## 11. Af hverju er flutt mál fyrir dómstólum?

Yfirfærsluferli tryggingarekstrar í Bretlandi heyrir undir Part VII í Financial Services and Markets Act 2000. Þar er tilgreint að dómstóll þurfi að samþykkja flutninginn. Þar sem tryggingin þín er veitt af Aviva Life & Pensions UK Limited, sem er skráð í Englandi, mun málflytningur fara fram í London.

## 12. Mun Financial Services Compensation Scheme (FSCS) ennþá eiga við um trygginguna mína?

FSCS býður vernd fyrir tryggingar hjá breskum fyrirtækjum ef þau verða gjaldþrota. Ef yfirfærslan verður framkvæmd verður tryggingaveitandi þinn Friends First Life Assurance Company dac, fyrirtæki sem er skráð á Írlandi og því mun tryggingin þín ekki lengur verða varin samkvæmt FSCS.

Engin sambærileg verndaráætlun fyrir tryggingataka er í gildi á Írlandi fyrir tryggingataka utan Írlands en óháður sérfræðingur segir í skýrslu sinni að Aviva Life & Pensions UK Limited og Friends First Life Assurance Company dac séu mjög fjársterk félög svo hætta á gjaldþroti er lítil. Hann lítur svo á að áframhaldandi stjórnun á tryggingunni sé nauðsynleg og töluvert arðbærari en verndin frá FSCS sem þú munt tapa.

Þú getur lesið sjónarmið óháðs sérfræðings á þessu í málgreinum 11.17 til 11.25 í fullri skýrslu sinni á heimasíðu okkar <https://transfer.aviva.com/is/skjol>

## 13. Get ég ennþá sent kvartanir til umboðsmanns fjármálaþjónustu?

Ef þú vil leggja fram kvartanir eða andmæli vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu vilt þú hugsanlega hafa samband við okkur eins og kemur fram í spurningu 5, þar sem þetta er lagalegt ferli sem fellur ekki undir ábyrgð umboðsmannsins. Ef yfirfærslan gengur eftir munt þú að því loknu geta sent kvartanir til Financial Services and Pension Ombudsman á Írlandi.